



FUNDARGERÐ 500. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 1. júlí 2024. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fjarfund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Kjör formanns og varaformanns í samræmi við III. kafla 4 .gr stofnsamnings eignaraðila frá 1. janúar 2007

Gunnar Valur Gíslason tekur að sér stjórn fundar sem aldursforseti og leggur til að Árelía Eydís Guðmundsdóttir verði kjörin formaður og Gunnar Valur Gíslason varaformaður.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir er einróma kjörin formaður og Gunnar Valur Gíslason einróma kjörinn varaformaður.

Skipan stjórnar er óbreytt að öðru leyti.

2. Vaxtakrafa ÍAV

Eva Bryndís Helgadóttir og Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmenn tengjast fundinum klukkan 08:05 með fjarfundarbúnaði. Eva Bryndís gerir grein fyrir minnisblaði, dags. 14. júní 2024, þar sem lagt er til að ganga til sátta við ÍAV um greiðslu vaxta á grundvelli minnisblaðsins.

Stjórn samþykkir einróma að ganga til sátta við ÍAV um greiðslu vaxta á grundvelli minnisblaðsins.

Eva Bryndís vísar af fundi klukkan 08:11.

3. Staða ESA málsins

Haraldur Flosi gerir grein fyrir stöðu ESA-málsins.

Fyrir liggur tillaga að efnislegum forsendum ákvörðunar stjórnar ESA um lyktir málsins, háð fyrirvara um samþykki þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að SORPU bs., sbr. bréf LMG lögmanna til ESA, dags. 19. júní 2024.

Ferli málsins hingað til og efnislegar forsendur þeirrar tillögu sem liggur í framangreindu bréfi er lýst í greinargerð LMG lögmanna, dags. 1. júlí 2024, með fylgigögnum.



„Stjórn SORPU bs. samþykkir að máli ESA nr. 81738 varðandi ríkisstyrk sem SORPA bs. hefur notið í formi tekjuskattsundanþágu verði lokið á þeim grunni sem lagður er til í bréfi LMG lögmanna til ESA, dags. 19. júní 2024. Lögmönnum félagsins er falið að kynna málið fyrir eigendum samlagsins með viðeigandi hætti og leita afstöðu þeirra til málsins.“

Haraldur Flosi vikur af fundi klukkan 08:23.

4. Málefni endurvinnslustöðva – Dalvegur

Orri Hlöðversson gerir grein fyrir samtali sem hefur verið milli SORPU og Kópavogsbæjar er varðar málefni endurvinnslustöðva. Stjórn SORPU eru kynnt drög að eftirfarandi samkomulagi:

„Kópavogsbær hefur tilkynnt Sorpu áform um lokun endurvinnslustöðvar á Dalvegi frá og með 1. september 2024. Ákvörðunin er tekin í tengslum við skipulagsáform bæjarins í Kópavogsdal sem miða að því að dalurinn verði fyrst og fremst nýttur á grundvelli sjónarmiða útivistar, lýðheilsu og íþróttastarfs eins og kveðið er á um í nýrri skýrslu starfshóps um svæðið.

Undanfarna mánuði hefur verið að störfum starfshópur á vegum Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Sorpu sem hefur það verkefni að finna nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað Dalvegar. Vinna hópsins er vel á veg komin og stefnt er á að henni ljúki á næstu vikum.

Sorpa áformar að reisa nýja endurvinnslustöð við Lambhagaveg og stefnt er að því að hún verði tekin í notkun haustið 2025. Til að koma í veg fyrir þjónustuskerðingu til íbúa fram undir þann tíma er Lambhagi verður tekinn í notkun samþykkir Kópavogsbær að fresta lokun Dalvegsstöðvarinnar til 1. september 2025. Ekki er fyrirséð að ný stöð verði tilbúin til notkunar í landi Kópavogs/Garðabæjar þegar til lokunar kemur á Dalvegi. Til að bregðast við því ástandi verður gripið ráðstafnana innan núverandi kerfis endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, til dæmis með áframhaldandi rekstri endurvinnslustöðvarinnar við Sævarhöfða eftir að stöð við Lambhagaveg tekur til starfa, og lengri opnunartíma á öðrum endurvinnslustöðvum SORPU til að mæta því álagi sem líklegt er að verði á aðrar stöðvar þegar stöðin við Dalveg lokar.“

Stjórn SORPU samþykkir framlögð drög að samkomulagi.

5. Önnur mál

Formaður leggur til að reglulegir fundir stjórnar SORPU verði framvegis klukkan 07:30, fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 14. ágúst klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:40.